

Árið 1992, sunnudaginn 12. júlí var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Brynjólfvi Sigurðssyni og Jóni Þorsteinssyni.

Fyrir var tekið:

- 1. Að taka ákvörðun um laun  
forseta Íslands, þeirra  
ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga  
nr. 92/1986 tekur til, og  
ríkissáttasemjara.**

Hinn 26. júní sl. kvað Kjaradómur upp two úrskurði, annan um laun embættismanna, ráðherra og alþingismanna og hinn um laun presta. Markmið hins fyrri úrskurðar var að leiðréttu það ósamræmi sem var orðið milli mánaðarlauna og greiddra heildarlauna fyrir venjubundin störf. Kjaradómur hafði hliðsjón af þeim aukagreiðslum sem ýmsir embættismenn fengu greiddar fyrir venjubundin embættisstörf og gátu numið allt að 50% af þeim launum sem Kjaradómi er ætlað að ákveða. Þá voru laun annnarra, sem ekki höfðu fengið slíkar greiðslur, hækkuð nokkuð vegna innbyrðis samræmis. Jafnframt var mælt svo fyrir að ekki yrði um aukagreiðslur að ræða fyrir venjubundin störf, þótt vinnutími væri að jafnaði lengri en 40 stundir á viku.

Kjaradómur stefndi að því að afnema það tvöfalta launakerfi sem hefur þróast undanfarin ár m.a. vegna þess að launaákvvarðanir Kjaradóms voru bundnar af lögum. Jafnframt átti að skapast grundvöllur til endurskoðunar og endurmats á ýmsum öðrum þáttum er varða starfskjör einstakra embættismanna og kjörinna fulltrúa, svo sem laun fyrir störf í nefndum og stjórnum, sem unnin eru í reglubundnum vinnutíma, greiðslur vegna ferðalaga o.fl.

Við ákvörðun heildarlauna var tekið mið af launum í þjóðfélagitnu hjá þeim sem sambærilegir gátu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar eins og 6.gr. laga um Kjaradóm mælti fyrir um.

Þessi launaákvörðun olli miklu uppnámi hjá samtökum launþega og atvinnurekenda en í maí sl. hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,7%.

Í framhaldi af þeim hörðu viðbrögðum sem launaákvvarðanir Kjaradóms hlutu ritaði forsætisráðherra Kjaradómi hinn 29. júní sl. svofellt bréf:

*"Vísað er til úrskurða Kjaradóms, dags. 26. júní sl., um launabreytingar sem taka eiga gildi 1. júlí nk. Ljóst er, að niðurstaða Kjaradóms stangast í veigamiklum atriðum á við þá þróun sem orðið hefur á hinum almenna launamarkaði og er ekki í takt við framvindu íslensks efnahagslifs um þessar mundir. Það er mat ríkisstjórnarinnar að hinn nýfallni kjaradómur sé til þess fallinn að skapa mikinn örða í þjóðfélagitnu og geti hæglega rofið þá samstöðu sem náðst hefur um að þjóðin vinni sig sameiginlega út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem nú er við glíma. Því beinir ríkisstjórnin því*

*eindregið til Kjaradóms að hann taki úrskurð sinn þegar til endurmats eða kveði upp nýjan úrskurð, sem ekki sé líklegur til að hafa þær afleiðingar sem að framan er lýst.*"

Kjaradómur svaraði erindi forsætisráðherra hinn 30. júní. Í bréfinu var vísað til þeirra grundvallarþáttu sem Kjaradómi bar að starfa eftir samkvæmt lögum og getið um þær meginástæður sem úrskurðir hans byggðust á. Í lok bréfsins segir að hvorki séu efnisleg né lagaleg rök til þess að endurupptaka þá kjaradómsúrskurði sem upp voru kveðnir hinn 26. júní og verði því að hafna tilmælum ríkisstjórnarinnar.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar varð sú að brýna nauðsyn bæri til að breyta nú þegar lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 vegna úrskurðanna 26. júní sl. og gaf forseti Íslands út bráðabirgðalög hinn 3. júlí sl. Í greinargerð fyrir bráðabirgðalögunum segir m.a. að nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíl á, þannig að þær taki mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins og almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu. Á þessu ári hafi tekist að treysta stöðugleika í efnahagslfí þjóðarinna. Ein mikilvægasta forsenda þessa stöðugleika felist í kjarasamningum við þorra launafólks um hóflegar launahækkanir. Afar brýnt sé að varðveita þennan stöðugleika og þá samstöðu, sem náðst hafi til að mæta þeim áföllum, sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Niðurstöður Kjaradóms frá 26. júní sl. tefli þessum árangri í mikla tvísýnu. Staðfesting þessa komi m.a. fram í yfirlýsingum aðila á vinnumarkaði.

Ákvæði bráðabirgðalaganna bætast við 6.gr. laga um Kjaradóm sem 2. og 3.mgr. hennar en ákvæðið sem fyrir var verður 1.mgr. Eftir þessa breytingu hljóðar 6.gr. laganna svo:

*"Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í launum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélagitnu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar.*

*Enn fremur skal Kjaradómur við úrlausn mála taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála á vinnumarkaði, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins og afkomuhorfa þess.*

*Telji Kjaradómur ástæðu til að gera sérstakar breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa skal þess gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði."*

Þá segir í ákvæði til bráðabirgða með lögunum að Kjaradómur skuli svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en 31. júlf 1992, kveða upp nýja úrskurði á grundvelli þessara laga og skuli gildistaka hinna nýju úrskurða miðast við 1. ágúst 1992.

Við samanburð á 1. mgr. 6.gr. laganna og ákvæðum bráðabirgðalaganna í 2. og 3.mgr. er ljóst að þær skorður sem bráðabirgðalöggjafinn hefir sett Kjaradómi útiloka að hann geti gætt innra samræmis í launaákvörðun og uppfyllt þá skyldu sína samkvæmt 1. mgr. 6.gr. laganna að ákveða laun embættismanna, ráðherra og alþingismanna í samræmi við laun í þjóðfélagitnu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Hin nýja viðmiðun við þróun kjaramála á vinnumarkaði er ekki í samræmi við meginreglu 1.mgr. 6.gr. sem er því í reynd gerð óvirk.

Ákvæði bráðabirgðalaganna um "tillit til stöðu og þróunar á vinnumarkaði" er óljóst. Við skýringu á því þykir verða að líta til greinargerðar með bráðabirgðalögunum þar sem segir að "nauðsynlegt sé að breyta þeim laga- og efnisreglum, sem niðurstöður Kjaradóms hvíla á, þannig að þær taki mið af.....almennum launabreytingum í kjarasamningum annarra launþega í landinu."

Með hliðsjón af forsendum og tilurð bráðabirgðalaganna og yfirlýsingum ráðherra um forskrift að nýrri ákvörðun Kjaradóms er það niðurstaða dómsins að skýra verði lögini á þann veg að aðstæður í þjóðfélagitnu nú leyfi ekki meira en 1,7% almenna hækjun á launum þeirra sem undir

kjaradómsákvvarðanir heyra.

Í síðari málsgrein bráðabirgðalaganna, nú 3.mgr. 6.gr., er gefið færi á að gera breytingar á kjörum einstakra embættismanna eða hópa. Síðari hluti ákvæðisins um að þess skuli gætt að það valdi sem minnstri röskun á vinnumarkaði vísar væntanlega til viðbragða aðila vinnumarkaðarins en þau viðbrögð treystir Kjaradómur sér ekki til að meta.

Kjaradómur lítur svo á að með bráðabirgðalögunum hafi löggjafarvaldið í reynd tekið í sínar hendur þær launaákvvarðanir, sem Kjaradómi er ætlað að taka. Verður ekki annað séð en fyrri launakerfum, þ.e. launakerfi Kjaradóms og launaákvörðunum fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta, sem í gildi voru fyrir kjaradómsúrskurði 26. júní sl., sé ætlað að haldast enn um sinn.

Launaákvvarðanir þær sem Kjaradómur tók hinn 26. júní sl. voru teknar að vandlega yfirveguðu ráði. Framangreind niðurstaða um 1,7% almenna launahækkun leiðir hinsvegar til þess að innra ósamræmi er viðhaldið í launum þeirra sem undir Kjaradóm heyra og bitnar þetta einkum á þeim sem eingöngu hafa þegið laun samkvæmt kjaradómsákvörðun.

Að því er presta þjóðkirkjunnar varðar var með kjaradómsákvörðun 26. júní sl. reynt að mynda grunn að launakerfi fyrir presta og tengja það launakerfi Kjaradóms. Sá úrskurður fól ekki í sér breytingu á fyrri launaákvörðunum dómsins þar sem laun presta hafa ekki verið ákveðin af Kjaradómi um árabil. Af þeim gögnum, sem lögð voru fyrir Kjaradóm, er ljóst að kjarasamningur presta þarfnað endurskoðunar og brýnt er orðið að hann verði lagfærður. Í þessu efni vísast til forsendna fyrir ákvörðun um laun presta frá 26. júní sl.

Kjaradómur lítur svo á að með setningu bráðabirgðalaganna hafi löggjafinn frestað um sinn lagfæringu á því launakerfi sem hér um ræðir. Naumast verður talið að það sé vilji löggjafans þegar liðið er til lengri tíma að innbyrðis samræmis í launum þeirra sem undir Kjaradóm heyra sé ekki gætt eða að þeir njóti ekki hliðstæðra launakjara og aðrir sem sambærilegir teljast með tilliti til starfa og ábyrgðar. Sú niðurstaða væri algjörlega óviðunandi í ljósi þjóðfélagslegra hagsmunu og hagsmunu þeirra embætta sem í hlut eiga.

Samkvæmt 28. gr. stjórnarskráinnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. stjórnskipunarlagi nr. 56 frá 1991, falla bráðabirgðalög úr gildi ef Alþingi hefur ekki samþykkt þau eða lokið afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þing kemur saman á ný. Bráðabirgðalög nr. 66/1992 um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 munu því verða afgreidd á Alþingi innan sex vikna frá 17. ágúst nk., en þann dag hefur Alþingi verið kvatt saman. Þá hefur komið fram að fjármálaráðherra hyggst setja á laggirnar nefnd til þess að endurskoða lög um Kjaradóm. Þess er því að vænta að löggjafinn muni innan skamms ráða þeim álitaefnum til lykta sem fjallað er um í úrskurðum þessum og þá komi fram hvernig kjaramálum þeirra, sem dómurinn hefur til þessa ákværðað laun, verði skipað.

Með vísan til framanritaðs hækka laun embættismanna, ráðherra og alþingismanna um 1,7% frá því sem þau voru fyrir kjaradómsúrskurð, sem kveðinn var upp hinn 26. júní 1992. Engar breytingar eru að svo stöddu gerðar á röðun embætta að öðru leyti en því að ný embætti eru felld að röðuninni.

## I

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun forseta Íslands vera 334.319 krónur.

## II

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 278.064 krónur en laun annarra

hæstaréttardómara 252.786 krónur.

III

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun forsætisráðherra vera 323.103 krónur en laun annarra ráðherra 293.728 krónur, hvort tveggja að meðtoldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun ríkissaksóknara vera 252.786 krónur,

V

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun ríkissáttasemjara vera 252.786 krónur.

VI

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun ríkisendurskoðanda vera 224.426 krónur.

VII

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun biskups Íslands vera 220.700 krónur.

VIII

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 217.034 krónur.

IX

Frá 1. ágúst 1992 skulu laun skrifstofustjóra Alþingis vera 217.034 krónur.

X

Frá 1. ágúst 1992 skulu þessum ríkisstarfsmönnum greidd mánaðarlaun sem hér segir:

146.904 krónur: Yfirskattanefndarmenn í fullu starfi

173.949 krónur: Sýslumaðurinn í Bolungarvík  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Hölmavík  
Sýslumaðurinn á Höfn  
Sýslumaðurinn í Neskaupsstað  
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði  
Sýslumaðurinn á Patreksfirði  
Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Sýslumaðurinn í Vík  
Yfirdýralæknir

186.095 krónur: Rektor Kennaraháskóla Íslands  
Rektor Tækniþóra Íslands

Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn á Blönduósi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn á Eskifirði  
Sýslumaðurinn á Húsavík  
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli  
Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli  
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Sýslumaðurinn á Selfossi  
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Tollgæslustjóri  
Verðlagsstjóri

192.511 krónur: Héraðsdómarar  
Formaður yfirskattanefndar

199.158 krónur: Dómsstjórar utan Reykjavíkur  
Flugmálastjóri  
Forstjóri Hafrannsóknarstofnunar  
Forstjóri Landhelgisgæslunnar  
Orkumálastjóri  
Rafmagnsveitustjóri ríkisins  
Rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins  
Ríkislögmaður  
Skattrannsóknarstjóri  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn á Akureyri  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Reykjavík  
Tollstjórinn í Reykjavík

206.033 krónur: Sendiherrar

213.596 krónur: Dómsstjóri í héraðsdómi Reykjavíkur  
Forstjóri ríkisspítalanna  
Landlæknir  
Lögreglustjórinn í Reykjavík  
Póst- og símamálastjóri

Rektor Háskóla Íslands  
Ríkisskattstjóri  
Vegamálastjóri

## XI

Um launakjör þeirra starfsmanna, sem Kjaradómur ákveður laun samkv. 2.gr. laga nr. 92/1986, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.
2. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofsssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.
3. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um  
þingfararkaup  
alþingismanna  
samkvæmt 1. grein  
laga nr. 75/1980  
um þingfararkaup alþingismanna.**

Frá 1. ágúst 1992 skal þingfararkaup vera 177.993 krónur á mánuði. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun forseta Alþingis vera 195.898 krónur.

3. Að taka ákvörðun um  
laun presta þjóðkirkjunnar,  
sbr. lög nr. 45/1991.

Um forsendur fyrir launaákvörðun vísast til 1. kafla hér að framan.

Síðastgildandi kjarasamningur Prestafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs framlengist með þeirri breytingu að grunnlauð þeirra hækka um 1,7% frá 1. ágúst

Um launakjör presta þjóðkirkjunnar, sem Kjaradómur ákveður laun, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Tímakaup fyrir yfirvinnu skal vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.
2. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.

*Torfinnsson*  
*Jón P. Þorfinnsson* → *Ólafur Þórfinnsson*  
*Brynjólfur Sigurðsson*      *Jón Þorsteinsson,*  
    *slv. lökunus*

#### Bókun Jóns Þorsteinsonnar

Í þeirri óvenjulegu stöðu, sem upp er komin, fellst ég á það til samkomulags að allir embættismenn, sem undir Kjaradóm falla samkvæmt lögum nr. 92/1986, hljóti 1,7% launahækkun miðað við júnímánaðarlaun 1992.